

virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að stefnandi fari í vinnutíma sínum á kaupi til að hefja féð úr sparisjóðsbókinni, og þar með fá í hendur kaup sitt í gjaldgengum peningum, eins og 1. gr. laga um greiðslu verkkaups nr. 28/1930 segir, en hér er engan veginn verið að höggva á þann rétt, sem þau lög vernda.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að þar sem stefndi hefur lagt fram innleggskvittanir frá Útvegsbanka Íslands, Vestmannaeyjum, fyrir hinni umstefndu kröfu, þá skal stefndi sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Ísfélag Vestmannaeyja h/f, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Engilberts Jónassonar.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 19. janúar 1970.

Nr. 242/1969. Jóhanna Sæmundsdóttir

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Lögbann. Bætur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Snorri Árnason setudómari og samdómsmennirnir Lýður Guðmundsson bóndi og Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttar-lögmaður hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 57/1962. Kæran var afhent héraðsdómara innan lögboðins kærufrests. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 17. desember 1969. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómi, sem upp var kveðinn á aukadómþingi Skaftafellssýslu hinn 22. nóvember 1969, verði hrundið og varnaraðilja gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt 2. mgr. 24. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949 er málshöfðunarfrestur til heimtu bóta fyrir ólögmætt lögbann þrír mánuðir. Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var málið eigi höfðað innan þess frests. Ber því að staðfesta hér- aðsdóminn.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Skaftafellssýslu 22. nóvember 1969.

Mál þetta er höfðað af Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nikhól, Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, með stefnu, útgefinni á hendur landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, til greiðslu á kr. 427.500.00 ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð til greiðsludags (sic) og málskostnaði að skaðlausu, og þingfestri á þæjarþingi Reykjavíkur hinn 15. september 1960.

Mál þetta var síðan flutt til lögsögu í Vestur-Skaftafellssýslu og þar þingfest hinn 7. september 1963 af hinum reglulega dómara, Einari Oddssyni. Með úrskurði, dags. 13. s. m., vék hann sæti í málinu. Hinn 4. október 1963 var Snorri Árnason lögfræðingur, Selfossi, skipaður setudómari í máli þessu. Hinn 29. september 1967 kvaddi dómariinn þá Þorvald Lúðvíksson hæstaréttarlögmann, Reykjavík, og Lýð Guðmundsson hreppstjóra, Sandvík, Árnessýslu, sem meðdómsmenn.

Hinn 23. október 1967 var rituð framhaldsstefna í máli þessu og þingfest 3. nóvember 1967.

Í framhaldsstefnu þessari gerir stefnandi þær dómkröfur, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmt að greiða „aðallega kr. 427.500.00, en til vara kr. 275.060.40, með 6% ársvöxtum frá 18. maí 1956 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað, ferðakostnað og dagpeninga að skaðlausu“.

Hinn 14. október 1969 er enn rituð framhaldsstefna í málinu

og þingfest 24. október 1969. Þá er kröfugerð stefnanda sú, að stefnda fjármálaráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins og ríkissjóðs verði dæmt að greiða kr. 449.113.12 með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, þar á meðal ferðakostnaðar og dagpeninga að skaðlausu.

Málsatvik eru þau, að með símskeyti dómsmálaráðuneytisins 12. og 13. desember 1952 fól dómsmálaráðuneytið hreppstjóra Dyrhólahrepps að birta stefnanda útbyggingu af ríkisjörðinni Holti, Dyrhólahreppi, í tæka tíð. Með símskeyti til hreppstjóra næsta dag ítrekar dómsmálaráðuneytið tilmæli sín. Í bréfi, dagsettu 17. desember 1952, til hreppstjóra Dyrhólahrepps mótmælti stefnandi útbyggingunni sem ólögmætri og fól hreppstjóra að koma þessum mótmælum til rétttra aðilja.

Vorið 1953 lét stefnandi hefja venjuleg vorverk á Holti, svo sem bera á tún, lagfæra girðingar og vinna nokkuð að túnrækt og áveitum. Í júlí sama ár lét hún hefja slátt á túni jarðarinnar. Daginn eftir að sláttur var byrjaður, hóf maður, að nafni Jóhann Eiríksson á Felli, einnig slátt á túninu.

Hinn 22. júlí 1953 var í fógetarétti Skaftafellssýslu að kröfu landbúnaðarráðherra lagt lögbann við því, að stefnandi eða fólk á hennar vegum nytjaði jörðina.

Var lögbann þetta fellt úr gildi með dómi bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1954 og sá dómur staðfestur í Hæstarétti 18. maí 1956.

Í lokastefnu sinni byggir stefnandi kröfu sína á því, að með hinu ólögmæta lögbanni hafi hún eignast skaðabótarétt á hendur stefnda með heimild í 24. gr. laga nr. 18/1949, sbr. og 27. gr. nefndra laga, enda hafi hún beðið bæði fjárhagstjón og orðið fyrir miska vegna hins ólögmæta lögbanns.

Hinn 28. nóvember 1963 voru dómkvaddir þeir Steinnþór Gestsson oddviti, Hæli, Gnúpverjahreppi, og Siggeir Björnsson hreppstjóri, Holti, Vestur-Skaftafellssýslu, til þess að meta fjárhagstjón stefnanda vegna afnotamissis jarðarinnar, meðan lögbannið stóð.

Matsgerð þeirra er dagsett 3. apríl 1964 og er svohljóðandi:

„Hinn 28. nóvember 1963 voru á aukadómþingi Skaftafellssýslu undirritaðir, Siggeir Björnsson hreppstjóri, Holti, Kirkjubæjarkhreppi, og Steinnþór Gestsson oddviti, Hæli, Gnúpverjahreppi, dómkvaddir til þess að meta til fjár tjón, er varðar af-

notamissi og skemmdir á mannvirkjum á ríkisjörðinni Holti í Dyrhólahreppi, og er dómkvaðning þessi gjörð eftir beiðni hrl. Magnúsar Thorlacius, dags. 10. ágúst 1963, en hann flytur auka-dómpingsmálið nr. 3/1963 fyrir hönd Jóhönnu Sæmundsdóttur, Níkhól, Dyrhólahreppi, gegn landbúnaðarráðherra f. h. jarðeigna-deildar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu samkvæmt stefnukröfu að upphæð kr. 327.500.00, en krafan er byggð samkvæmt ofansögðu á afnotamissi og skemmdum á mannvirkjum, sem stefnandi átti á ríkisjörðinni Holti í Dyrhólahreppi, sem henni var meinað að nytja í 3½ ár.

Stefnandi gerir grein fyrir fjárkröfum sínum í stefnukröfu, dags. 15. sept. 1960. Þar er krafist bóta vegna eftirgreindra atriða:

1. Afnotamissir, áætlaður kr. 227.500.00
2. Skemmdir á mannvirkjum: hús, girðingar,
áveitugarðar, fjárrétt o. fl. — 100.000.00

Samtals kr. 327.500.00'

Hinn 19. desember 1963 voru matsmenn staddir á eyðijörðinni Holti til þess að kynna sér aðstöðu þar til búskapar til þess að afla upplýsinga þar á staðnum um þau atriði, er áhrif gætu haft á matið, svo og að gefa sækjanda og verjanda kost á að flytja þar greinargerðir varðandi málsatvik öll, en þeim hafði báðum verið gefinn kostur á að mæta þar, Magnúsi Thorlacius hrl. og Sveinbirni Dagfinnssyni hrl. Hvorugur var þar mættur, en tilkvaddir af þeim voru þar Hörður Þorsteinsson bóndi, Níkhól, og Ásgeir Pálsson hreppstjóri, Framnesi. Ekki fluttu þeir matsmönnum greinargerðir frá Herði Þorsteinssyni f. h. stefnanda og Sveinbirni Dagfinnssyni f. h. stefnda.

Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja og talin eru hér að framan, svo og eftir athugun matsmanna á staðnum þykir hæfilegt að meta bætur til Jóhönnu Sæmundsdóttur, svo sem nú verður greint:

1. Samkvæmt dskj. nr. 3, lögðu fram 15/9 1960, verður að telja sannað, að Jóhanna Sæmundsdóttir hafi átt 180 hestburði af heyi í hlöðu í Holti vorið 1953, sem henni var meinað að nota eða flytja burt af jörðinni. Eftir upplýsingum frá Búreikningaskrifstofu ríkis-

ins var framleiðsluverð á töðu þá kr. 0.5278 á kg.,
 og er eftir því verðmæti heysins kr. 9.500.40
 Heyið selt 4/3 1957, sjá dskj. nr. 4 — 4.100.00

Kr. 5.400.40

Kostn. við uppboð, sjá dskj. nr. 5 og 7 — 406.35

Bætur vegna heys kr. 5.806.75

2. Samkvæmt dskj. nr. 5, 6, 13 og 14 hefur Jóhanna Sæmunds-
 dóttir innt af hendi skatta og skyldur af jörðinni Holti svo og
 haldið uppi fjallskilum þau ár, sem lögbannið tók til. Þar sem
 stefnanda var bannað að nytja jörðina, sjá matsmenn ekki, að
 hún hafi verið skyld til að inna þessar greiðslur af hendi, og
 meta henni því eigi bætur fyrir þær greiðslur.

3. Kostnað vegna ræktunarframkvæmda, viðhalds girðinga og
 áburðardreifingar, sjá dskj. nr. 9, 10, 11, 12 og 15, telja mats-
 menn bótaskyldan, þar sem stefnanda var meinað að hafa þess-
 ara framkvæmda not. Kostnaður vegna þessa virðist vera
 hæfilega talinn á tilgreindum dómskjölum á kr. 6.522.00.

4. Þegar stefnandi fær að nýju rétt til þess að nytja jörðina, voru
 girðingar mjög af sér gengnar skv. vottorði hreppstjóra Dyr-
 hólahrepps. Fyrir því telst rétt, að bætur komi fyrir endur-
 byggingu girðinganna, þar sem árlegt viðhald á þeim hafi ekki
 verið rækt á lögbannstímanum. Hæfilegt er að miða bæturnar
 við árlegt viðhald, sem fram fór vorið 1953, að upphæð kr.
 1.312.00 með 40% álagi vegna hækkaðs verðlags, og nema þá
 bætur fyrir girðingaspjöll kr. 5.510.40.

5. Bætur komi fyrir þá rýrnun, sem varð á lögbannstímanum á
 húsum, sem stefnandi átti í Holti.

Hús keypt af ríkissjóði árið 1947 kr. 1.127.00
 Fjárhús fyrir 66 kindur, byggt árið 1948, metið á . . — 5.000.00
 Hesthús — 500.00

Kr. 6.727.00

Þessi hús voru svo af sér gengin að lögbanni lóknu,
 að þau voru ónothæf, en verðmæti þeirra til niður-
 rifs telst hæfilega metið á — 700.00

Bætur vegna húsa kr. 6.027.00

6. Matsmenn telja ekki rétt að úrskurða bætur vegna afurðatjóns af sauðfé, þar sem eignahreyfingar og afurðatjónsbætur vegna niðurskurðar sauðfjárstofnsins á þessu árabili trufla eðlilega allar skýrslur um þessi atriði og gefa því ekki raunhæfa mynd af ástandi og afkomu sauðfjárbúsins.

7. Hins vegar telja matsmenn sannað, m. a. af vottorðum með greinargerð Harðar Þorsteinssonar, að kúm í Nikhól hafi orðið að fækka haustið 1953 um 4, og þá vegna vantandi heyja frá Holti. Í verðlagsgrundvelli landbúnaðarlaga 1953 er gert ráð fyrir, að brúttótækjur af 6 kúm skuli vera kr. 40.826.00, eða kr. 6.804.00 af hverri kú. Að dómi matsmanna er hlutfall vinnukostnaðar í brúttótækjum kúabús, en það er í þessu falli hinn raunverulegi afnotamissir stefnanda, eðlilega talið vera 32%, eða samtals á ári kr. 8.709.12 af 4 kúm, og þá í 3½ ár kr. 30.482.00.

Samkvæmt framansögðu metum við bætur þannig:

1.	Bætur vegna heys	kr. 5.806.75
2.	— — ræktunarframkvæmda o. fl. . . —	6.522.00
3.	— — girðinga	5.510.40
4.	— — húsa	6.027.00
5.	— — bústofnsskerðingar	30.481.92

alls kr. 54.348.07

að viðbættum vöxtum, eins og þeir voru á hverjum tíma, til greiðsludags.

Matskostnaður ákvarðast þannig:

Fyrir matsgjörð, kr. 4.500.00 til hvors matsmanns, kr.	9.000.00
Ferðakostnaður Steinþórs Gestssonar	— 1.892.00
Ferðakostnaður Siggeirs Björnssonar	— 1.369.00

Alls kr. 12.261.00

St. Vík, Mýrdal, 3. apríl 1964.

Steinþór Gestsson Siggeir Björnsson“.

Mati þessu vildi stefnandi ekki una og það um yfirmat. Til yfirmatsins voru kvaddir hinn 15. marz 1965 þeir Kristinn Jónsson héraðsráðunautur, Selfossi, Sigurgrímur Jónsson bóndi, Holti, Stokkseyrarhreppi, Árnessýslu, og Árni Jónasson bústjóri, Skógum, Rangárvallasýslu.

Matsgerð þeirra er dagsett hinn 10. janúar 1966, og er svo-
hljóðandi:

„Árið 1965, hinn 15. marz, á aukadómþingi Skaftafellssýslu, voru undirritaðir, Kristinn Jónsson ráðunautur, Skólavöllum 5, Selfossi, Sigurgrímur Jónsson bóndi, Holti, Stokkseyrarhreppi, og Árni Jónasson bústjóri, Ytri-Skógum, Austur-Eyjafjallahreppi, dómkvaddir til þess að framkvæma yfirmat á fjárhagstjóni, er varðar afnotamissi og skemmdir á mannvirkjum á ríkisjörðinni Holti í Dyrhólahreppi, og er dómkvaðning þessi gjörð eftir beiðni hrl. Magnúsar Thorlacius, dags. 9. 10. 1964, en mál þetta er höfðað fyrir hönd Jóhönnu M. Sæmundsdóttur, Níkhól, Dyrhólahreppi, gegn landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs samkvæmt stefnu, lagðri fram á bæjarþingi Reykjavíkur þann 15. 9. 1960.

Fjárhagsmat á tjóni þessu hafa áður framkvæmt þeir Steinþór Gestsson oddviti, Hæli, Gnúpverjahreppi, og Siggeir Björnsson hreppstjóri, Holti, Kirkjubæjarhreppi. Er matsgjörð þeirra dagsett 5. 4. 1964.

Hinn 16. 8. 1965 og aftur hinn 14. 9. 1965 fóru matsmenn að Holti í Dyrhólahreppi til þess að kynnast af eigin raun búskapar-
aðstöðunni þar.

Í fyrra sinnið, sem matsmenn fóru að Holti, báru þeir búskapar-
aðstöðuna þar saman við þær lýsingar, sem tilgreindar eru í dómskjöllum þessa máls. Með matsmönnum í þeirri för var Hörður Þorsteinsson, bóndi í Níkhól, sem kemur fram í máli þessu f. h. stefnanda, Jóhönnu M. Sæmundsdóttur, en umboðsmanni þjóð-
jarða í Dyrhólahreppi var gefinn kostur á að mæta, en hann vék sér undan því, enda hafði ekki verið boðað til ferðarinnar með fyrirvara. Einnig taldi hann sig skorta umboð frá deildarstjóra jarðeignadeildar ríkisins til þess að koma fram í málinu þá.

Í seinni ferðinni að Holti voru mættir á eigninni auk mats-
manna Ásgeir Pálsson hreppstjóri, Framnesi, hrl. Sveinbjörn Dagfinnsson, Reykjavík, báðir vegna stefndu, og Hörður Þorsteinsson, bóndi í Níkhól, f. h. stefnanda.

Í Holti hlýddu matsmenn á munnlegar skýringar beggja aðila og gengu að því loknu um tún og engjar jarðarinnar og skoðuðu aðstöðu þar til heyskapar.

Síðar þennan sama dag var haldinn framhaldsfundur að Ytri-Skógum í A.-Eyjafjallahreppi, þar sem sömu aðilar voru mættir. Einnig þar var málsaðilum gefinn kostur á því að leggja fram gögn og skýra málið frekar.

Í Ytri-Skógum lagði Hörður Þorsteinsson fram f. h. stefnanda greinargerð, dagsetta 12. 9. 1965, svo og dagbók um heyskap í Holti frá árunum 1933 til 1941. Hann taldi dagbókina skrifaða með hendi föður síns, Þorsteins Einarssonar, sem þá var ábúandi á jörðinni, og var því ekki mótmælt.

Sveinbjörn Dagfinnsson hrl. bað um frest til að senda matsmönnum skriflega greinargerð, sem borizt hefur og er dagsett 30. 11. 1965.

Mánudaginn 10. 1. 1966 komu matsmenn saman á Selfossi til þess að framkvæma gerðina, en áður hafði verið haft samband við aðila þessa máls og þeim gefinn kostur á því að mæta.

Það liggur fyrir í máli þessu, að stefnanda, Jóhönnu M. Sæmundsdóttur, var byggt út af ríkisjörðinni Holti í Dyrhólahreppi frá fardögum 1953, og því til staðfestu lögbann við öllum afnotum stefnanda af nefndri jörð frá 22. 7. 1953.

Löggjörningum þessum var með hæstaréttardómi hrundið hinn 18. maí 1956, og stóð þannig afnotamissir stefnanda af nefndri jörð þrjú ár að kalla.

Eftir þeim gögnum, sem fram eru komin í máli þessu, og að eigin athugun á vettvangi metur nefndin tjón stefnanda þannig:

1. Liðina 1, 5, 4 og 5 í matsgerðinni frá 3. 4. 1964 telur nefndin rétt metna, og skulu þeir því standa óbreyttir, samtals kr. 23.866.15.

2. Með aðgerðum stefndu var stefnanda, Jóhönnu M. Sæmundsdóttur, meinað að hafa nokkrar tekjur af búskap í Holti um þriggja ára skeið. Að mati nefndarinnar hefir á þessum umræddu árum verið aðstaða til heyöflunar í Holti sem svaraði til 200 ærgilda á fóðrum. Samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, eins og hann var á þessum árum, hefði þessi bústærð gefið í vinnulaun til bóndans kr. 117.508.00 samtals. Falla þá niður framkomnar kröfur um endurgreiðslu á kostnaði vegna lögskila af jörðinni umrædd ár svo og aðrir kostnaðarliðir við búreksturinn. Til frádráttar þessum vinnutekjum kemur sá kostnaður, sem því er samfara að nytja jörðina úr fjarlægð (frá Nikhól) og að sjálfsögðufellur niður, á meðan lögbannið stóð. Frádrátt þennan metur nefndin á kr. 16.115.75, eða bætur samkvæmt þessum lið netto kr. 101.194.25.

1. kr. 23.866.15

2. — 101.194.25

Samtals kr. 125.060.40

að viðbættum vöxtum, eins og þeir voru á hverjum tíma, til greiðsludags.

Selfossi, 10. 1. 1966.

Kristinn Jónsson

Árni Jónasson

Sigurgrímur Jónasson“.

Lögmaður stefnanda óskaði hinn 6. júlí 1968, að skipaður yrði nýr maður í yfirmatsnefnd í stað Árna Jónssonar, þar sem hann hefði keypt kú af Holtsbúinu á lögbannstímanum og gefið vottorð um það, er lagt hefur verið fram í málinu. Sama dag var Björn Bjarnason ráðunautur, Reykjavík, skipaður í yfirmatið ásamt þeim Sigurgrími Jónssyni og Kristni Jónssyni. Matsgerð þeirra er dagsett 5. ágúst 1969 og er svohljóðandi:

„Með dómi, uppkveðnum í Hæstarétti 18. maí 1956, í hæstaréttarmálinu nr. 180/1954: Landbúnaðarráðherra f. h. jarðeigna-deildar ríkisins gegn Jóhönnu Sæmundsdóttur er staðfestur dómur Einars Arnalds borgardómara um löglegan ábúðarrétt Jóhönnu Sæmundsdóttur á jörðinni Holti í Dyrhólahreppi, og jafnframt er úr gildi felld lögbannsgerð sú, sem á var sett 22. júlí 1953, um afnot Jóhönnu Sæmundsdóttur eða fólks á hennar vegum af jörðinni Holti, sérstaklega í þá átt að aflu heyja á landi jarðarinnar eða flytja á brott það hey, sem þegar var aflað.

Þann 15. sept. 1960 höfðar Jóhanna Sæmundsdóttir mál á hendur landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 427.000.00 auk 6% ársvaxta af þeirri upphæð til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu, byggðra á afnotamissi jarðarinnar Holti, sbr. áðurnefndan dóm Hæstaréttar.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig fyrir afnotamissi, sem hún telur 3½ ár: árlegur afnotamissir 65.000.00 kr. á ári, eða alls 227.500.00 kr. Fyrir skemmdir á mannvirkjum jarðarinnar, s. s. húsum, girðingum, áveitugörðum og fjárrétt, alls að upphæð kr. 100.000.00.

Auk þessa miskabætur kr. 100.000.00.

Stefnukrafan nemur alls kr. 427.500.00.

Þann 4. október 1963 er Snorri Árnason fulltrúi, Selfossi, skipaður setudómari í umræddu máli, meðdómsmenn með honum eru Lýður Guðmundsson bóndi, Litlu-Sandvík, og Þorvaldur Lúðvíksson hrl., Reykjavík.

Með bréfi, dags. 10. ágúst 1963, beiðist Magnús Thorlacius hrl.

í umboði stefananda þess, að dómkvaddir séu tveir óvilhallir hæfir menn til að meta til fjár tjón fyrsta og annars liðs stefnu, samtals 327.500 kr., skv. stefnukröfum.

Þann 28. nóv. 1963 voru á aukadómþingi Skaftafellssýslu dómkvaddir þeir Siggeir Björnsson bóndi, Holti, Kirkjubæjarhreppi, og Steinþór Gestsson bóndi, Hæli, Gnúpverjahreppi, til mats þessa.

Þann 3. apríl 1954 undirrita þeir matsgjörð í málinu, sem Magnús Thorlacius hrl. óskar eftir, að sé hrundið með yfirmati, sbr. dskj. 26.

Þann 15. marz 1965 á aukadómþingi Skaftafellssýslu voru dómkvaddir til að framkvæma yfirmatið þeir Kristinn Jónsson ráðunautur, Selfossi, Sigurgrímur Jónsson bóndi, Holti, Stokks-eyrarhr., og Árni Jónasson bústjóri, Ytri-Skógum, A.-Eyjafjallahreppi. Matsgjörð yfirmatsmanna er dagsett 10. janúar 1966, dskj. 44.

Það næsta, sem gerist, er, að Árna Jónassyni var hrundið úr málinu, og í hans stað var á aukadómþingi Skaftafellssýslu þann 6. júlí skipaður til að taka sæti í yfirmatsnefndinni Björn Bjarnason ráðunautur, Reykjavík.

Þannig skipuð hefur nefndin starfað að matinu, er og kemur fram í eftirfarandi greinargerð.

Björn Bjarnason kvaddi til vettvangsgöngu að Holti í Dyrhólahreppi fulltrúa sækjanda og verjanda þriðjudaginn 1. okt. 1968, og mætti af hálfu sækjanda málsins Magnús Thorlacius hrl. og með honum Hörður Þorsteinsson bóndi, Níkhól, en af hálfu málsvarnar Sveinbjörns Dagfinnssonar hrl. var mættur séra Gísli Brynjólfsson, fulltrúi jarðeignadeildar ríkisins.

Í vettvangsgöngu þessari komu umboðsmenn aðila fram sjónarmiðum sínum á staðnum.

Mánudaginn 28. október 1968 fóru yfirmatsmenn saman að Holti og athuguðu staðhætti og þau atriði, er þeir töldu máli skipta við matið.

Snorri Árnason setudómari hefur afhent nefndinni öll gögn, sem lögð hafa verið fram í málinu.

30. apríl 1969 komu matsmenn saman að Selfossi til frekari viðræðna, og var þá ákveðið að gefa lögmonnum tækifæri til þess að reifa málið í viðurvist matsnefndarinnar, áður en gengið yrði endanlega frá matsgjörð. Fór sá málflutningur fram munnlega í fundarherbergi bændasamtakanna í Bændahöllinni föstudaginn 9. maí s.l.

Á þeim fundi lagði Sveinbjörn Dagfinnsson hrl. fram yfirlýs-

ingu frá Tómasi Lárussyni, bónda í Álftagróf, þess eðlis, að matsmönnum þótti ástæða til að kanna, hvort vottorð hans gæti haft nokkur áhrif á matið.

Matsmenn fóru því að athuga Álftagróf föstudaginn 1. ágúst 1969, ræddu við Tómas og komust að þeirri niðurstöðu, að yfirlýsing sú, sem lögð var fram á fundi 9. maí, gæfi ekki tilefni til breytinga varðandi matið.

Þriðjudaginn 5. ágúst komu yfirmatsmenn saman í Bændahöllinni í Reykjavík og komust að eftirfarandi niðurstöðu:

Af vettvangsgögnum yfirmatsmanna sást ekki, í hvernig ástandi jörðin Holt var, er lögbanni var aflétt og útbygging úr gildi felld með dómi Hæstaréttar 18. maí 1956.

Hæstiréttur staðfestir héraðsdóminn með þeim rökum, sem hann er grundvallaður á, en þau eru meðal annars skv. dskj. 41. „Gegn mótmælum stefndu er ósannað, að landsnyttjar jarðar hafi rýrnað við afnot hennar af lörðinni“.

Af þessu má ráða, að þegar lögbannið er sett á, hafi eyðijörðin Holt verið í því ástandi, sem fullnægðu nytjum jarðarinnar.

Við úttekt í Holti 21. júlí 1936 (dskj. 19), sem undirritað er af úttektarmönnum og ábúanda, sést, að uppistandandi girðingar eru: túngirðing 695 m, girðing um slægjumýri 890 m og girðing í Litla Höfða 1830 m. Girðingar þessar eru ýmist taldar með ryðguðum vír eða lélegum stólpum.

Úttekt á jarðarhúsum fer fram 20. október 1947, dskj. 18, og er undirrituð af virðingarmönnum og Herði Þorsteinssyni, sýnir eftirtalin útihús ófallin í Holti: fjós, bæjardyrhús, 2 heyhlöður, 1 fjárhús fyrir 60 fjár. Yfirlýsing Ásgeirs Pálssonar frá 5. júní 1956, dskj. 8, um eignarhús ábúanda á Holti, sem hann telur vera árið 1953 þurrheyshlöðu fulla af heyi frá fyrra ári, 2 fjárhús, samstæð, 2 hesthús, gamalt fjós og hjallur.

Jafnframt telur Ásgeir hús þessi meira og minna ónýt, annað hesthúsið fallið og hjallurinn horfinn, girðingar um tún og engjar taldar gjörfallnar og slitur einar.

Um bústofn þann, sem ábúandi hafði í Holti, eftir að jörðin fór í eyði, segir í héraðsdómi á dskj. 41, bls. 24: „Á veturna hafi hún haft sauðfé á jörðinni, stundum allt að 150 fjár. Jörðin hafi þannig verið nytjuð að mestu með venjulegum hætti að öðru en búsetu“.

Í sama dskj. er ennfrekar ákveðið á um afnotarétt stefnanda, Jóhönnu Sæmundsdóttur, af Holti án búsetu þar.

Í vitnaleiðslu yfir stefnanda þann 20. október 1967 segir: „Að-

spurð, hvort hey hafi verið flutt frá Holti að Nikhól, segir stefnandi, að það hafi verið gert „aðeins“. „Hvort það hafi verið gert árlega, hveðst hún ekki muna“.

Verjandi málsins, Sveinbjörn Dagfinnsson hrl., telur í vörn sinni, að stefnandi hafi ekkert eða lítið tjón hlotið af ábúðarmissinum, sbr. dskj. 40 og 47, greinargerðir til matsnefnda.

Ef athugaðar eru jarðarbætur á jörðinni Nikhól, kemur í ljós, að túnauki verður á árinu 1950 2.2 ha. og á árinu 1951 4.7 ha.

Yfirmatsmenn líta svo á, að þessi aukna ræktun á Nikhól bendi til þess, að fyrirhuguð hafi verið stórfelld aukning búsis næstu ár, svo sem stefnt var að um land allt.

Við afnotamissi af Holti telur nefndin, að finna megi ástæðuna fyrir því, að ekki náðist það, sem að var stefnt um bústækkun hjá stefnanda.

Dskj. 49 styður þessa ályktun nefndarinnar.

Við athugun á vettvangi og vitnisburði kunnugra manna var á lögbannsarunum aðstaða til að afla a. m. k. 400 hkg. af heyi á túni og engjum í meðalári.

Þessari aðstöðu var stefnandi sviptur með lögbanni. Lögmaður stefnanda telur, að lögbannið hafi ekki náð til þeirra heyja, sem í fyrningum voru, þegar lögbann var sett á, dskj. 47.

Þar sem þetta atriði er algjörlega lögfræðilegs eðlis, telur nefndin rétt á þessu stigi málsins að meta heyfyrningar í Holti, eins og þær voru, þegar lögbann var sett á, sbr. dskj. 3.

Í munnlegum málflutningi fyrir yfirmatsnefndinni þ. 9. maí s.l. gerði lögmaður stefnanda þær kröfur, að yfirmatsnefndin tæki tillit til þess við mat sitt þá rýrnun, sem orðið hefur á verðgildi íslenzku krónunnar hin síðari ár, sérstaklega með tilliti til þess, hve langt væri um liðið, frá því að skaðabótamál þetta var reist.

Matsmenn telja, að þetta atriði sé dómsins að skera úr um, og miða mat sitt við verðlag þeirra ára, er lögbann stóð yfir.

Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu, athugun á vettvangi og viðtölum við staðkunnuga menn metur nefndin tjón stefnanda, Jóhönnu Sæmundsdóttur, þannig:

1. Rýrnun á heyfyrningum, skv. dskj. 3	kr. 6.000.00
2. Kostnaður vegna jarðræktarframkvæmda, sem ekki nýttust, dskj. 9, 11, 12, 15	— 5.040.00
3. Skemmdir á girðingum	— 7.000.00
4. Bætur fyrir skemmdir á húsum	— 6.030.00

5. Afnotamissir (vinnutekjur bónda af 200 ærgilda búi á lögbannarárunum) kr. 117.308.00

Bætur alls kr. 141.378.00

Vextir reiknast á matsupphæðina, eins og þeir voru á hverjum tíma, til greiðsludags.

Reykjavík, 5. ágúst 1969

Kristinn Jónsson

Sigurgr. Jónsson

Björn Bjarnarson“.

Matsgerð þessi er breytt frá fyrra yfirmati, og hafa matsmennirnir Sigurgrímur Jónsson og Kristinn Jónsson gefið skýringu á breytingunni fyrir dómi hinn 24. október 1969. Þá kom og fyrir dóm Björn Bjarnarson og staðfesti matsgerðina.

Lokakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Fjárhagstjón samkvæmt síðari matsgerð yfirmatsnefndar kr. 141.378.00
2. Hækkun um 54% vegna verðlagsbreytinga — 76.344.12
3. Miskabætur — 150.000.00
4. Matskostnaður — 81.391.00

Samtals kr. 449.113.12

Kröfu sína rökstyður stefnandi þannig, að fjárhagstjón vegna lögbanns stefnda beri stefnda að bæta samkvæmt 24. gr. laga nr. 15/1949 svo og miska, er stefnandi hafði orðið fyrir vegna lögbannsins. En það miskatjón er eigi frekar rökstutt.

Stefndi krafðist í fyrstu greinargerð sýknunar af kröfu stefnanda, þar sem landbúnaðarráðherra hefði einungis verið að fullnægja ákvæðum ábúðarlaga nr. 8/1951, er hann byggði stefnanda út af jörðinni og byggði hana öðrum, er ætlaði að hafa þar búsetu. Til vara krafðist hann lækkunar af kröfu stefnanda, þar sem tjón hennar væri ósannað.

Í síðari greinargerðum sínum mótmælti hann fjárkröfu stefnanda og matsgerð þeirri, er hún byggði fjárhagskröfur sínar á, sem röngum. Í þriðju og síðustu greinargerð sinni krafðist stefndi frávísunar á málinu, þar sem það hefði ekki verið höfðað innan

þriggja mánaða, frá því að Hæstiréttur felldi lögbannið úr gildi, en 24. gr. laga nr. 18/1949 áskildi þann málshöfðunarfrest.

Fór málflutningur fram um frávísunarkröfu hinn 7. þ. m. Krafðist stefndi frávísunar málsins og stefnanda dæmt að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu. Ítrekaði stefndi þá rök sín. Stefnandi krafðist, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og stefnda dæmt að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins. Mótmæli sín byggði hún á því, að frávísunarkrafan hefði komið of seint fram. Frávísunarkröfu sína hefði stefndi átt að koma með í upphafi málsins samkvæmt 110. gr. laga nr. 85/1936. Hefði stefndi mætt við öll þinghöld í málinu og hinar þrjár matsgerðir og ekki hreyft því, að hann krefðist frávísunar, heldur tekið til varna um efnishlið málsins. Lýsti hann því yfir, að krafa stefnanda byggðist alfarið á 24. gr. laga nr. 18/1949, sbr. og 27. gr. sömu laga. Í 24. gr., 2. málsgrein, laga segir svo:

„Bótakröfu má hafa uppi í staðfestingarmáli bæði til skuldajafnaðar og til sjálfstæðs dóms. Annars kostar má höfða sjálfstætt mál á varnarþingi kyrrsetningar, þar sem dómari leitar sátta, innan þriggja mánaða frá því, er gerðarþola varð kunnugt um synjun kyrrsetningarbeiðni, frá úrslitum staðfestingarmáls eða niðurfalli kyrrsetningar annars, ef því er að skipta“.

Eins og áður hefur verið rakið, var mál þetta í fyrstu höfðað, rúmum fjórum árum eftir að lögbann þetta var felld niður með dómi Hæstaréttar.

Dómurinn lítur svo á, að málshöfðunarfrestur sá, sem er tiltekinn í fyrrgreindri 24. gr., sé fortakslaus og því eigi í hans valdi að leggja efnisdóm á málið. Verði því að taka frávísunarkröfu stefnda til greina, þar sem málið er eigi höfðað innan þess frests, sem 24. gr. laga nr. 18/1949 áskilur. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
